

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpi þessu var vísað til fjárhagsnefndar hinn 18. nóv. 1960. Þar hefur það dvalizt síðan.

Tveir nefndarmenn, ég og Björn Jónsson, hafa viljað mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Meiri hlutinn (JP, MJ, ÓB) hefur aftur á móti hikað. Loks varð það niðurstaða meiri hlutans á fundi nefndarinnar 24. þ. m. að telja réttast, að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar með yfirlýsingu um, að efri deild treysti því, að ríkisstjórnin sæi um, að efni þess yrði gaumgæfilega athugað í sambandi við endurskoðun söluskattslaganna, er stæði fyrir dyrum.

Ég sá mér ekki fært að taka þátt í að leggja til, að efri deild votti ríkisstjórninni traustið, enda ástæðulaust að fresta því að leiða í lög þau einföldu ákvæði, sem í frumvarpinu felast, af því líka að þeirra er strax þörf. Enginn veit, hvað umtöluð endurskoðun söluskattslaganna kann lengi að dragast eða hversu langt kann að verða þangað til hún leiðir af sér breytingar á lögnum.

Frumvarpið er um hinn almenna söluskatt, — 3% söluskattinn. Aðalgrein þess hljóðar þannig:

„Hinn 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert skulu innheimtumenn ríkissjóðs (sýslumenn, bæjarfógetar, tollstjórnin í Reykjavík) leggja fram skýrslur um álagðan söluskatt samkv. þessum kafla laganna, er sýni heildarupphæð söluskattsins hjá hverjum skattgreiðanda fyrir sig á undangengnu þriggja mánaða tímabili. Skýrslur þessar skulu liggja frammi almenningi til sýnis í hverju umdæmi í skrifstofu innheimtumanns eða á öðrum hentugum stað eigi skemur en þrjár vikur.“

Kaupendur vöru eða þjónustu borga hinn almenna söluskatt til þeirra, sem þeir eiga kaupin við. Seljendur (sem í lögnum eru nefndir skattgreiðendur) eiga að skila skattinum til innheimtumanna ríkisins ársfjórðungslega. Á því er talið að sé mikill misbrestur til tjóns fyrir ríkið, en kaupsýslumönnum til rangfengins hagnaðar að sama skapi. Hér eiga þó auðvitað ekki allir, sem vöru eða þjónustu selja, sömu sök. Samvizkusamir kaupsýslumenn skila skattinum að sjálfsgöðu öllum, hinir misjafnlega.

Eftirlit af ríkisins hálfu til þess að koma í veg fyrir fjárráttinn er mjög torvelt, enda sumir, sem skila eiga skatti, ekki bókhaldsskyldir. Nauðsynlegt er að herða eftirlitið af hendi ríkisins og til þess þarf ekki lögum að breyta. En meira þarf að gera. Almennigur þarf að fá aðstöðu til þess að veita skattskilendunum það aðhald, sem hann getur í té látið.

Skyllt er að láta skrár um álagðan eignar- og tekjuskatt og sömuleiðis skrá um útsvör liggja frammi almenningi til sýnis tilskilinn tíma. Með því móti fær almenningur tækifæri til þess að gagnrýna ósamræmi á milli gjaldenda, að því er álögurnar snertir, — og hefur það mikla þýðingu til vöndunar.

Þegar gjaldendur eiga yfir höfði sér slíka gagnrýni kunnugra, vanda þeir betur framtöl sín. Sama máli gegnir um nefndir þær, sem framkvæma álögurnar. Nefndirnar hafa hita í haldi, vegna þess að skrárnar eru birtar, og kasta þess vegna síður höndum til álagningar skatta þessara og útsvara.

Nú er ekki að lögum skylt — enda ekki gert — að birta hliðstæðar söluskattskrár, sem innheimtumenn ríkisins þurfa ársfjórðungslega að gera fyrir sitt umdæmi um það, hve miklar fjárhæðir söluskatts hver einstakur skattskilandi afhendir eftir ársfjórðunginn.

Almenningi eru þess vegna dulin þau skil, sem seljendur vöru eða þjónustu gera til ríkissjóðs á almenna söluskattinum, sem þeir láta almenning borga sér og ríkissjóður á að fá frá þeim. Aðhald almenningsálitsins verður þar af leiðandi ekki sem skyldi.

Frumvarpið mælir svo fyrir, að innheimtumenn ríkisins skuli hver í sínu umdæmi leggja fram almenningi til sýnis skrá um heildarupphæð söluskatts frá hverjum skattskilanda ársfjórðungslega. Verða þá skilin til ríkissjóðs opin fyrir almennri gagnrýni. Enn fremur gefa þá skattskilendurnir hver öðrum auga. Það hefur líka sína þýðingu, að þeir geti gagnrýnt hver annan.

Birting skrána er mjög fyrirhafnarlítill fyrir innheimtumennina.

Þó að ríkisstjórnin kunni að hafa í huga að láta endurskoða söluskattslögin, er ekkert því til fyrirstöðu — að mínu áliti — að bæta nú þegar inn í lögin þeim ákvæðum, sem frumvarpið felur í sér. Þetta hefur engan kostnað í för með sér, og hin nýju ákvæði falla af sjálfu sér undir endurskoðunina eins og lögin að öðru leyti.

En það er engu líkara en ríkisstjórnin þoli ekki jákvæða afgreiðslu á neinu frumvarpi, nema frumvörpum frá sjálfri sér og sinum nánustu.

Augljóst er, að stjórnarliðið vill heldur en mæla með samþykkt þessa frumvarps láta fyrst um sinn viðgangast, að eitthvað (hver veit hvað mikið?) af hinum almenna söluskatti ríkissjóðs verði eftir í vösum þeirra, sem taka á móti honum úr höndum almennings. Ef til vill verða einhverjir, sem þá vasa eiga, stjórninni þakklátir fyrir þetta. En hvað segir almenningur, sem borgar söluskattinn? Telur hann ekki réttilega, að á sér sé niðzt í nafni ríkissjóðs?

Ég legg til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. marz 1961.

Karl Kristjánsson.